



Til: Jökull Helgason <jokull@borgarbyggd.is>
Efni: Nýtt deiliskipulag fyrir Flatarhverfi á Hvanneyri í Borgarbyggð
Upplýsingar: Sent: 15.08.2017 11:51:15 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017070013, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2017070013

Vísað er til bréfs frá Bogarbyggð, dags.8. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um nýtt deiliskipulag fyrir Flatarhverfi á Hvanneyri. Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara erindinu sem stafar af sumarleyfum starfsmanna.

Í 68. gr. laga um náttúruvernd segir: „Við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum, á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. og frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda.“ Eins og kemur fram í greinargeð með deiliskipulaginu er Hvanneyrarjörðin friðlýst vegna blæsgæsar, Auglýsing nr. 338/2011, og er forsendum og markmiðum friðlýsingarinnar jafnframt lýst. Svæðið er Ramsarsvæði. Á korti sem fylgir friðlýsingunni er deiliskipulagsreiturinn innan svæðis sem er merkt, Rannsóknir - Fræðsla og Þéttbýli-Landbúnaður og því eðlilegt að gert sé ráð fyrir uppbyggingu innan þessa svæðis. Í friðlýsingarskilmálum er umsjón friðlandsins falin Votlendissetri Landbúnaðarháskóla Íslands skv. samningi. Í samningnum skulu m.a. vera ákvæði um mannvirkjagerð og framkvæmdir og einnig skal gera verndaráætlun fyrir friðlandið (er í vinnslu eftir því sem NÍ veit best).

Í verndaráætlun verður væntanlega lagt mat á mikilvægi einstakra svæða fyrir hinar ýmsu tegundir fugla þ.m.t. blesgæsina. Í greinargerð með deiliskipulaginu vantar alla umfjöllun um hvort uppbygging íbúðabyggðar á viðkomandi svæði muni hafa áhrif t.d. á búsvæði blesgæsarinnar eða ekki. Þar sem að verndaráætlun er ekki lokið og svæðið bæði friðlýst og Ramsarsvæði hefði verið eðlilegt að leggja fram mat á mikilvægi deiliskipulagssvæðisins sem búsvæðis og hugsanlegum áhrifum af fyrirhugaðri uppbyggingu. Þetta hefði átt að gera í samvinnu við umsjónaraðila svæðisins og matið kynnt samhliða deiliskipulaginu í samræmi við ákvæði í 4. gr. auglýsingar nr. 338/2011 um mannvirkjagerð og framkvæmdir.

Deiliskipulagsreiturinn er aðeins lítil hluti af heildarstærð friðlandsins og að mestu ræktuð tún en Náttúrufræðistofnun hefur ekki undir höndum gögn, eða haft tækifæri, til að meta einstök svæði innan hins friðlýsta svæðis.

Mat á því hvort skipulagið rýri gildi Ramsarsvæðisins eða ekki þarf að liggja fyrir áður en endanlega afstaða er tekin til skipulagsins.

Til upplýsingar:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu sé skoðað hvernig það samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins m.t.t. allar framangreindar lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúruvernd og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

